

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Gunnars I. Hafsteinssonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 8.000.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Páll Haukur Kristjánsson, greiði kr. 40.000.00 sekt í Landhelgisjód Íslands, og komi varðhald í 20 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Veifarfæri bátsins Þorgeirs, GK 73, þar með taldir dragstrengir, skulu vera upptæk til Landhelgisjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnars I. Hafsteinssonar, héraðsdómslögmanns, kr. 8.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 8. desember 1969.

Nr. 222/1969. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Hafsteini Má Sigurðssyni

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómarnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirbergardómari.

Ákæra um fiskveiðabrot. Birting stjórnvaldaerinda.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn ásamt samdómsmönnum Angantý Eliassyni skipstjóra og Páli Þorbjörnssyni skipstjóra.

Ákærði er í máli þessu sóttur þeim sökum að hafa hinn 21. marz 1969 á skipi sínu, v/b Hrefnu, VE 500, verið að botnvörpuveiðum á hafsvæði, þar sem botnvörpuveiðar voru

á þeim tíma bannaðar með auglýsingu sjávarútvegsráðherra 27. febrúar 1969 „um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðvesturlandi“, sem sett hafði verið „samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og lögum nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 304 20. desember 1968 um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlazzt þegar gildi ...“. Auglýsing þessi var birt í Lögbirtingablaði 4. marz 1969 og síðan í B-deild Stjórnartíðinda 30. apríl 1969. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda bar að hirta auglýsinguna í B-deild Stjórnartíðinda, og samkvæmt 7. gr. sömu laga mátti ekki beita ákvæðum hennar, fyrr en það hafði verið gert. Að svo vöxnu máli verður ákærða dæmd sýkna af kröfum ákæruvalds.

Allur kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Hafsteinn Már Sigurðsson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Kostnaður af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Hafsteins Baldvinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 21. maí 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins 30. marz 1969, á hendur Hafsteini Má Sigurðssyni, skipstjóra á vélbátnum Hrefnu, VE 500, „fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1962 um bann gegn veiðum með botnvörpu, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum báti aðfaranótt föstudagsins 21. marz 1969 út af Þorlákshöfn á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins

og hún er ákveðin í 1. gr. áðurnefndrar reglugerðar, þar sem botnvörpuveiðar eru bannaðar til 30. apríl 1969, samkvæmt 1. tl. 1. gr. auglýsingar sjávarútvegsmálaráðuneytisins 27. febrúar 1969 um sérstök veiðisvæði fyrir línu og net fyrir Suðurlandi, sbr. lög nr. 88/1968 um breyting á áðurnefndum lögum, sbr. reglugerð nr. 304/1968 um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. að öðru leyti reglugerðir um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961.

Ákærast því nefndur Hafsteinn Már til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr. nefndra laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961 og 1. mgr. 2. gr. auglýsingar nr. 304/1968, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu sakarkostnaðar“.

Hafsteinn Már Sigurðsson er fæddur í Reykjavík 18. maí 1940 og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir, öllum í Vestmannaeyjum:

1957 29/6 Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1966 15/5 Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.

1967 12/8 Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.

1967 12/9 Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengisлага.

Í skýrslu Landhelgisgæzlunnar, undirritaðri af skipherranum á varðskipinu Ægi 21. marz 1969, segir á þessa leið:

„Föstudaginn 21. marz tók varðskipið m/b Hrefnu, VE 500, skipstjóri Hafsteinn Sigurðsson, f. 18. maí 1940, til heimilis að Hásteinsvegi 21, Vestmannaeyjum, að ólöglegum veiðum undan Knarrarósvita.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Föstudaginn 21. marz var varðskipið á eftirlitsferð á Eyrarbakka. Kl. 0026 sást grunsamlegur bátur í radar, og kl. 0034 var eftirfarandi staðarákvörðun gerð:

Knarrarósviti r/v 028°, fjarl. 4.4 sjóm.

Bátur r/v 117°, fjarl. 2.6 sjóm.

Gefur þetta stað bátsins um 4.8 sjóm. inni á friðuðu svæði á þessum slóðum.

Kl. 0044 var komið að bátnum, sem reyndist vera Hrefna, VE 500, og var hún að hífa vörpuna.

Kl. 0045 var eftirfarandi staðarákvörðun gerð við hlið bátsins:

Knarrarósviti r/v 355°.

Fjarlægð í næsta land 4.0 sjóm.

Þetta sýnir stað bátsins um 4.3 sjóm. inni á friðunarsvæðinu.

Haft var tal af skipstjóra bátsins, og var honum bent á, hvar hann væri. Hann kvað sér ókunnugt um þetta friðunarsvæði og kvað það ástæðuna fyrir veiðum sínum þarna. Honum var tjáð, að skýrsla yrði gerð um málið og það kært til réttra yfirvalda, og sagt að halda til Vestmannaeyja.

Mælingarnar voru gerðar af 1., 2. og 3. stýrim. undir umsjá skipherra.

Úrklippa úr sjókorti nr. 16, er sýnir stað bátsins, fylgir hér með.

Veður: NA 3, sjór 3, léttskýjað“.

Skipherrann á varðskipinu Ægi mætti fyrir sakadómi Vestmannaeyja og kvaðst hafa undirritað skýrsluna og væri innihald hennar rétt. Enn fremur mættu I. stýrimaður, Bjarni O. Helgason, og II. stýrimaður, Kristinn Jóhann Árnason, og kváðu þeir skýrsluna rétta.

Er ákærði mætti fyrir sakadómi, kvaðst hann ekki vefengja staðarákvörðun varðskipsmanna að neinu leyti og viðurkenndi að hafa verið á togveiðum á þeim tíma, er greinir í skýrslunni. Hins vegar kvað hann sér hafa verið algerlega ókunnugt um, að svæðið væri friðlýst þar, sem hann togaði, og væri honum með öllu ókunnugt um auglýsingu sjávarútvegsmálaráðuneytisins frá 27. febrúar 1969.

Með framburði varðskipsmanna og játningu ákærða er sannað, að ákærði var að togveiðum á m/b Hrefnu, VE 500, í umrætt sinn á svæði, þar sem togveiðar eru bannaðar samkvæmt auglýsingu sjávarútvegsmálaráðuneytisins, birtri í Lögbirtingablaðinu 4. marz 1969. Ekki verður fallizt á, að það leysi ákærða undan refsingu, þótt honum hafi verið ókunnugt um nefnda auglýsingu, sem virðist hafa verið birt með lögmætum hætti, og verður því að telja, að hann hafi verið á ólöglegum togveiðum í umrætt sinn og gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, sem tilgreind eru í ákæru.

M/b Hrefna, VE 500, er að stærð 29.46 rúmlestir brúttó.

Samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands um stofngengi krónunnar jafngilda 100 gullkrónur 3.992.93 seðlakrónum.

Með tilvísun til þess, er nú hefur verið tekið fram, og samkvæmt tilvitnuðum lagaákvæðum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 40.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, sem ákærða ber að greiða innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga.

Allur afli og veiðarfæri um borð í m/b Hrefnu, VE 500, eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Hafsteinn Már Sigurðsson, greiði kr. 40.000.00 í sekt í Landhelgissjóð Íslands innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 20 daga. Allur afli og veiðarfæri um borð í m/b Hrefnu eru gerð upptæk, og rennur andvirðið í Landhelgissjóð.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 8. desember 1969.

Nr. 232/1969. **Valdstjórnin**

gegn

Jens Emil Snæbjörnssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 172. gr., 3. tölulið, laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 2. desember 1969, sem barst dóminum sama dag.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.